

Skil á hlutafjármíðum til skattyfirvalda

Embætti ríkisskattstjóra minnir á skyldu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga og samvinnuhlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjármíðum vegna ársins 2012. Minnt er á að unnt er að skila hlutafjármíðum með **rafrænum hætti** í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á þjónustusíðu á www.skattur.is. Skila skal upplýsingum um **hlutafjáreign** allra hluthafa í árslok 2012, innlendra sem erlendra, sem og upplýsingum um **greiddan arð** á árinu 2012 og staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af honum. Miðunum á **alltaf** að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2012. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil beirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Hlutafjármíði vegna tekjuársins 2012									
Upplýsingar um hluthafa/eiganda		Upplýsingar um hlutafélag (eða sparisjóð)									
01 Kennitala	220222-2229	Kennitala forrðanda ef eigandi er barn		Nafn hlutafélags og kennitala							
Nafn og heimilisfang			Jón Jónsson Rima 24 112 Reykjavík		421212-1919 Verksmiðjan hf. Rima 25 112 Reykjavík						
76 Hlutabréf	0	77 Útg. jöfnunahlutabréf á árinu	250.000	78 Greiddur arður á árinu (heild)	25.000	79 Par af arður talinn sem laun skv.	0	80 Staðgreiðsla af arði	5.000	81 Dags. arðgreiðslu	15.4.12
80 Stofnijárbréf sparisjóðanna		81 Endurmat stofnijár á árinu	82 Stofnfjáreign í árslok	83 Greiddur arður á árinu	84 Staðgreiðsla af arði	85 Dags. arðgreiðslu					
Frumrit: Til ríkisskattstjóra											
RSK 2.045											

Vakin er athygli á sérstökum reit á hlutafjármíða, þar sem færa skal þann hluta arðgreiðslu sem farið er með sem laun skv. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. skattalaga.

Í reit 79 skal aðeins færa greidda staðgreiðslu af **arði**. Ekki staðgreiðslu af þeim hluta arðs sem talinn er sem laun.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **10. febrúar 2013**. Sé upplýsingunum skilað á pappírformi er skilafresturinn styttri, eða til 30. janúar. Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil á skattframtali 2013.

Vakin er sérstök athygli á því að unnt er að skila umræddum upplýsingum í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á vefnum. Kerfi þetta auðveldar til muna þessi upplýsingaskil en aðgangur að því er í gegnum þjónustusíðu lögaðila á www.skattur.is og krefst veflykils.

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í **síma 442 1000**.